

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

|                           | Vara  | Tímabil            | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|---------------------------|---|--------------------|----------------|-----------------|----------------------|
| <b>Tollskrárnúmer:</b>    | <b>Nautgripkjöt - vörulíðir 0202 og 0210:</b>   |                    | 95.000         |                 |                      |
| 0202.3xxx                 | Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst<br><i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reyk:</i> | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 492                  |
| 0210.2001                 | Beinlaust   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 300                  |
| <b>Tollskrárnúmer:</b>    | <b>Svínakjöt - vörulíðir 0203 og 0210:</b>  |                    | 64.000         |                 |                      |
| 0203.29xx                 | Svínakjöt, fryst:   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 399                  |
| <b>Úr tollskrárnúmer:</b> | <b>Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reyk:</b>   |                    |                |                 |                      |
| 0210.1200                 | Slög og sneiðar af þeim, beinlaust  | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 286                  |
| <b>Tollskrárnúmer:</b>    |   |                    |                |                 |                      |
| 0210.1901                 | Reykt - beinlaust   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 324                  |
| <b>Úr tollskrárnúmer:</b> |   |                    |                |                 |                      |
| 0210.1909                 | Annars - beinlaust  | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 324                  |
| <b>Tollskrárnúmer:</b>    | <b>Kjöt af alifuglum - vörulíður 0207:</b>  |                    | 59.000         |                 |                      |
| <b>Úr tollskrárnúmer:</b> | <b>Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:</b>  |                    |                |                 |                      |
| 0207.1xxx                 | Af hænsnum, fryst   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 147                  |
| <b>Úr tollskrárnúmer:</b> | <b>Af kalkúnum:</b>   |                    |                |                 |                      |
| 0207.2xxx                 | Af kalkúnum, fryst  | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 201                  |
| <b>Úr tollskrárnúmer:</b> | <b>Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:</b>  |                    |                |                 |                      |
| 0207.3xxx                 | Af öndum, gæsum eða perluhænsnum, fryst   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 201                  |
| <b>Tollskrárnúmer:</b>    | <b>Annað kjöt og ætí hlutar af dýrum, fryst:</b>  |                    | 12.000         |                 |                      |
| 0208.9001                 | Dáfur   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 254                  |
| 0208.9002                 | Fasanar   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 254                  |
| 0208.9004                 | Dádýr   | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 254                  |
| <b>Úr tollskrárnúmer:</b> |   |                    |                |                 |                      |
| 0208.9019                 | Annars - Lynghænur og strútar, fryst  | 01.07.07- 30.06.08 |                | 0               | 254                  |

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöru-liðar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

Hafi tilboð ráðið úthlutun skv. 1. mgr. skal viðkomandi leysa til sín úthlutaðan tollkvóta annaðhvort með greiðslu andvirðis tollkvótans eða framlagningu fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu fyrir 31. júlí 2007. Landbúnaðarráðherra er heimilt að endurúthluta óinnleystum tollkvótum.

Úthlutun skv. 1. mgr. er ekki framseljanleg.

## 4. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2008.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2007.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
*Atli Már Ingólfsson.*